

**559. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 13.
ágúst 2020
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Berglind Eir Egilsdóttir (BEE) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarmenn velkomna og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 559 lögmætan. Oddviti óskar eftir afbrigðum á dagskrá um að mál númer 2006007F verði tekið á dagskrá og er það samþykkt.

Dagskrá:

1. Slökkvilið og sjúkraflutningar - 2007077

Erindi frá Vesturbyggð dags. 16.07.2020 þar sem óskað er eftir afstöðu Tálknafjarðarhrepps til þess hvort sveitarfélagið hafi áhuga á að koma greiningu á fýsileika þess að sameina slökkvilið og sjúkraflutninga á sunnanverðum Vestfjörðum í samvinnu við Vesturbyggð og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Jafnframt er lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra Vesturbyggðar dags. 08.07.2020 varðandi samrekstur sjúkraflutninga og slökkviliðs fyrir sunnanverða Vestfirði.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða þátttöku í fýsileikakönnuninni.

2. Húsnæðisáætlun Tálknafjarðarhrepps - 2008107

Húsnæðisáætlun Tálknafjarðarhrepps 2020-2028 lögð fram til staðfestingar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða Húsnæðisáætlun Tálknafjarðarhrepps 2020-2028.

3. Tjón vatnstjón í íþróttahúsi - 2005065

Farið var yfir stöðu vegna undirbúnings á framkvæmdum vegna vatnslagna í íþróttahúsi. Minnisblað frá Verkís dags. 16.06.2020 lagt fram ásamt matsgerð VÍS vegna tjóns á leka á gólfhitalögnum dags. 04.05.2020.

Málið er í vinnslu og verður unnið áfram.

4. Beiðni um afhendingu á jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun. - 1903062

Tölvupóstur frá Jafnréttisstofu dags. 09.07.2020 varðandi jafnréttisáætlun Tálknafjarðar.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

5. Atvinnu- og hafnarnefnd - 25 - 2006007F

Fundargerð 25. fundar Atvinnu og hafnarnefndar sem fór fram 30.06.2020 lögð fram.

Fundargerð er staðfest.

- 5.1 1907099 - Viðbragðsáætlun Tálknafjarðarhöfn 2019
- 5.2 2003517 - Siglingaverndarfulltrúi hafnar
- 5.3 1910550 - Byggðakvóti 2019-2020
- 5.4 2004585 - Tölfræði vegna atvinnuleysis Vinnumálastofnun á Vestfjörðum 2020

6. Yfirfærsla Tálknafjarðarveggar (617-02) frá Vegagerðinni til Tálknafjarðarhrepps - 1911581

Minnisblað frá Pálma Þór Sævarssyni hjá Vegagerðinni dags. 26.06.2020 varðandi skil Vegagerðarinnar á Tálknafjarðarvegi lagt fram.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að Vegagerðin ljúki við tillögur vegna verkefnisins og sendi til sveitarfélagsins. Jafnframt ítrekar sveitarstjórn þær kröfur sem komu fram á fundi sveitarstjórnar með Vegagerðinni í febrúar. Þá er mikilvægt að hugað sé að sjóvörnum við vegastæðið ásamt vegriðum.

7. Framkvæmdarleyfi umsókn ný brú yfir Botnsá - 2006273

Svar Vegagerðarinnar dags. 06.07.2020 við erindi frá sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps dags. 25.06.2020 vegna framkvæmdaleyfis við veg og byggingu nýrrar brúar á Bíldudalsveg um Botnsá. Jafnframt er framkvæmdaleyfi gefið út af Byggingafulltrúa Tálknafjarðarhrepps dags. 06.07.2020 vegna framkvæmdarinnar lagt fram til kynningar.

Lagt fram. Sveitarstjóra falið að undirbúa fundi með Vegagerðinni og öðrum aðilum sem málið varða.

8. Pollurinn Tálknafirði grunur um Campylobakter sýkingu - 2007096

Bréf frá Heilbrigðisfulltrúa dags. 22.07.2020 vegna gruns um Campylobakter sýkingu í pollinum lagt fram til kynningar. Jafnframt er lagður fram tölvupóstur frá Heilbrigðisfulltrúa dags. 27.07.2020 þar sem greint er frá niðurstöðum á rannsóknum á sýnum þar sem ekki eru gerðar aðrar athugasemdir en við háan gerlafjölda.

Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn ítrekar að gestir baða sig á eigin ábyrgð í Pollinum og vatn þar er ekki til drykkjar.

9. Byggðakvóti 2019-2020 - 1910550

Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu dags. 22.06.2020 þar sem bókun sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps vegna sérreglna vegna byggðakvóta 2019-2020 lagt fram.

Sveitarstjórn vísar rökstuðningi ráðherra á bug og felur sveitarstjóra að skjóta málinu til umboðsmanns Alþingis.

10. Starfsleyfi vegna tillögu að breytingu á starfsleyfi Arctic Sea Farm hf. í Patreks- og Tálknafirði - 2007088

Bréf sveitarstjóra til Umhverfisstofnunar dags. 22.07.2020 vegna tillögu að breytingu á starfsleyfi Arctic Sea Farm hf. í Patreks- og Tálknafirði lagt fram. Þar kemur eftirfarandi athugasemd fram:

Þrátt fyrir að Umhverfisstofnun telji að umhverfisáhrif verði ekki umtalsverð þá vekur það áhyggjur þegar áætlanir koma upp um nota á mengandi efni eins og kopar í kvíum inni á Tálknafirði. Þó gert sé ráð fyrir vöktun á mengun vegna kopars kemur

ekki fram hver tíðni þeirrar vöktunar verði. Þá er einnig erfitt að sjá hvort og þá hvernig notkun koparlitaðra nóta fellur að umhverfismati fyrir Tálknafjörð vegna fiskeldis. Óljóst er hvort og hvernig notkunin mun hafa áhrif á nærliggjandi lífríki og með hvaða hætti verður fylgst með því. Einnig er óljóst með hvaða hætti verður staðið að þvottaaðstöðu í landi, hvar sé fyrirhugað að hún sé staðsett, hvernig hún uppfylli kröfur mengunarvarna og hvernig á fara með þann kopar sem fellur til við þvott.

Lagt fram til kynningar.

11. Gjöf 2 bækur Suðureyri athafnasaga og smásögur og frásagnir að vestan - 2007090

Bréf frá Pétri Bjarnasyni dags. 15.07.2020 þar sem greint er frá útgáfu bókarinnar "Suðureyri - athafnasaga" og sagt frá gjöf á eintaki af bókinni til sveitarstjórnar ásamt eintaki af bókinni "Nótabátur leggst í víking" sem kom út árið 2019. Jafnframt fylga erindinu minnisþingur varðandi flugvallargerð á Tannanesi við Tálknafjörð.

Sveitarstjórn þakkar höfundu fyrir bókagjöfina og óskar honum til hamingju með útgáfu verkanna.

12. Heimsfaraldur COVID 19 - 2002265

Tilmæli sveitarstjóra um starfsemi Tálknafjarðarhrepps vegna Covid-19 frá 31.07.2020 lögð fram.

Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjóra er falið að sjá til þess að starfsemi sveitarfélagsins sé í samræmi við tilmæli Almannaþingar hverju sinni.

13. Hafnasambandsþing 2020 - 2007039

Bréf frá Hafnasambandi Íslands dags. 03.07.2020 þar sem boðað er til 42. hafnasambandsþings sem haldið verður í Ólafsvík dagana 24. og 25. september 2020 lagt fram.

Lagt fram til kynningar.

14. Tölfræði vegna atvinnuleysis Vinnumálastofnun á Vestfjörðum 2020 - 2004585

Upplýsingar frá Vinnumálastofnun vegna atvinnuleysis á Vestfjörðum í júní 2020 lagðar fram.

Lagt fram til kynningar.

15. Stöðuskýrslur uppbyggingarteymis - 2007054

Stöðuskýrslur frá Teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar Covid-19 dags. 05.06.2020, 22.06.2020 og 03.07.2020 lagðar fram.

Lagt fram til kynningar.

16. Skýrsla kynning skýrslu Sviðsmyndir raforkunotkunar á Vestfjörðum - 2007063

Skýrslan "Sviðsmyndir um raforkunotkun á Vestfjörðum" dags. 27.02.2020 unnin af Verkfræðistofunni Eflu fyrir Vestfjarðarstofu lögð fram.

Lagt fram til kynningar.

17. Lýsing fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum til umsagnar - 2005076

Umsögn svæðisráðs um framkomnar athugasemdir við lýsingu

Strandsvæðisskipulag Vestjarða frá júlí 2020 lögð fram.

Lagt fram til kynningar.

18. Fundur ósk um fund við Vegagerðina vegna vetrarþjónustu - 2007060

Afrit af bréfi Samtaka atvinnurekenda á sunnanverðum Vestfjörðum til Vegagerðarinnar dgas. 07.07.2020 varðandi ósk um fund um vetrarþjónustu 2020/2021 lagt fram til kynningar.

Lagt fram til kynningar.

19. Fjárhagsáætlun 2021 - 2007024

Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 02.07.2020 varðandi forsendur fjárhagsáætlana 2021-2024 lagt fram.

Lagt fram til kynningar.

Vísað til fjárhagsáæltunargerðar 2021.

20. Upplýsingagjöf sveitarstjóra - 1902453

Minnisblað sveitarstjóra dags. 13.07.2020 um stöðu verkefna lagt fram.

Lagt fram.

21. Fundargerðir 2020 Vestfjarðarstofu - 2003304

Fundargerð stjórnarfundar Vestfjarðarstofu sem fór fram 12.05.2020 lögð fram.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:30.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir
(BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Berglind Eir Egilsdóttir (BEE)
